

kröfur í uppboðsandvirðið, sem taldar eru í 2. tölul. 216. gr. laga nr. 66/1963, þar á meðal launakröfur skipverja á skipinu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvæðningu úrskurðar þessa, og stafar hann af önnum dómarans.

Því úrskurðast:

Vangoldin váttryggingariðgjöld af v/s Vonarstjörnunni, GK 26, til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátaábyrgð-arfélagsins Gróttu, sem féllu í gjalddaga á næstu 2 árum fyrir 19. apríl 1967, skulu við úthlutun uppboðsandvirðis nefnds skips hafa forgangsrétt fram yfir aðrar lýstar kröfur í uppboðsandvirðið, sem taldar eru í 2. tölul. 216. gr. laga nr. 66/1963, þar á meðal launakröfur skipverja á skipinu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. maí 1968.

Nr. 141/1967. **Asa Film Production A/s**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn

Gunnari Indriðasyni og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1967. Eru dómkröfur hans þær, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 21.945.35 án vaxta og kostnaðar. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 8. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.

Hann krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Asa Film Production A/s, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Indriðasyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Gunnar Indriðason, Lindarbrekku, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Asa Film Production A/s, Lyngby, Danmörku, og Just Betzer, sem einnig mun eiga heimili í Danmörku, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 29.496.35 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi stefnukröfuna í kr. 30.356.10, en féll jafnframt frá kröfu um staðfestingu kyrrsetningar, sem gerð hafði verið í stefnu.

Stefndi Asa Film Production A/s hefur í greinargerð krafizt sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur í málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins. Við munnlegan málflutning krafðist stefndi sýknu gegn greiðslu á kr. 21.945.35, án vaxta og kostnaðar, svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefndi Just Betzer hefur í greinargerð krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og svo málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfum á hendur stefnda Just Betzer, en sá síðarnefndi hélt fast við málskostnaðarkröfu sína.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1966 var hér á landi unnið að töku kvikmyndar á vegum hins stefnda félags. Fóru kvik-

myndatökur aðallega fram í Vesturdal vestan Jökulsár á Fjöllum og í Hafurstungum austan Jökulsár. Starfsmenn stefnda hófu framkvæmdir til undirbúnings kvikmyndatöku kringum 10. júní, en myndatökur hófust um 20. júlí og var lokið um miðjan ágúst. Á þessum tíma leysti stefnandi af hendi ýmis störf í þágu stefnda, sem auk þess fékk hjá stefnanda ýmsar vörur og þjónustu. Er ágreiningslaust, að stefnanda hafi borið endurgjald að fjárhæð kr. 111.817.35 að viðbættum kr. 859.75, sem gögn voru lögð fram fyrir við munnlegan málflutning, en stefndi telur hins vegar, að stefnandi eigi ekki rétt til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfu þessari. Til að hafa umsjón og stjórn framkvæmda vegna ofangreindrar kvikmyndatöku réð stefndi til sín Benedikt Árnason. Skyldi honum samkvæmt ráðningarsamningi heimilt að gera hvers konar fjárhagslegar ráðstafanir, er þörf væri á vegna töku kvikmyndarinnar hér á landi. Samt átti þegar að bera það undir „instruktören“, Gabriel Axel, eða þann, er stjórn hins stefnda félags fengi til að vera í fyrirsvari fyrir framleiðanda myndarinnar, ef farið væri fram úr þeirri fjárhæð, er ætluð væri til kostnaðar hérlandis og/eða fyrirframgerðri fjárhagsáætlun. Hefur Benedikt skýrt m. a. svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki haft prókúru fyrir hið stefnda félag, en hann hafi haft rétt til ráðstöfunar á fé, sem honum hafi verið fengið hverju sinni. Kveðst hann hafa annazt greiðslur fyrir norðan, meðan sjóður entist og nokkru lengur, en eftir að hlaupareikningi hafði verið lokað, hafi það komið í hlut Justs Betzers, sem þá hafi verið kominn til landsins og tekið við fjárreiðum stefnda. Enn fremur hefur Benedikt lýst því, að eigi hafi jafnan verið fyrir hendi nægilegt fé til greiðslu reikninga, enda hefði þá ekki verið farinn bónarvegur um greiðslufrest á launum og reikningum.

Maður er nefndur Örnólfur Árnason. Hafði hann afskipti af ofangreindum kröfum á hendur stefnda. Hann var ráðinn til starfa hjá stefnda af Benedikt Árnasyni, sem hefur lýst starfsviði Örnólfs á þá leið, að hann hafi verið hægri hönd sín við alls konar útréttingar og almenn störf. Hafi Örnólfur, þegar hann sjálfur var ekki við, verið ábyrgur fyrir því að sjá um, að starfsfólk gerði það, sem það átti að gera, sérstaklega framan af, meðan Just Betzer var ókominn norður.

Meðan á töku umræddrar kvikmyndar stóð, varð missætti með þeim Just Betzer og Örnólfi Árnasyni. Var Örnólfi vikið frá störfum, en eftir að sá flokkur manna, sem unnið hafði að töku kvikmyndarinnar á vegum stefnda, var kominn suður til Reykja-

víkur, fékk Just Betzer Örnólf samt til að fara norður til að ganga frá og koma til skila ýmsum munum, er stefndi hafði haft að láni eða til leigu. Hefjast um það leyti fyrrgreind afskipti Örnólfs. Örnólfur hefur m. a. skýrt svo frá fyrir dómi, að hinn 23. ágúst, sama dag og hann lagði af stað norður aftur, hafi hann hringt til Þórarins Haraldssonar í Laufási. Hafi Þórarinn sagt, að þolinmæði hans og fleirri þeirra, sem kröfur ættu á hendur stefnda, væru á þrotum. Hafi Þórarinn kveðið Björn bróður sinn þegar hafa afhent Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni nokkuð af kröfum, samtals um 60 þúsund krónur, til innheimtu og marga bændur vera fylgjandi því að hafa þann hátt á, þar sem hvert loforð á fætur öðru um greiðslu hefði verið svikið. Kveðst Örnólfur hafa beðið Þórarin um að hefjast ekki handa um slíkt og bíða, a. m. k. þar til hann kæmi norður. Hafi hann sagt, að þá yrði hann búinn að fá einhverjar upplýsingar frá fyrirsvarsmönnum stefnda um, hvenær uppgjör mundi fara fram. Segist Örnólfur síðan hafa átt tal við Just Betzer og skýrt honum nákvæmlega frá þessu samtali. Hafi hann beðið Just Betzer að gefa sér einhverjar upplýsingar til að færa bændum og Just Betzer þá sagzt ætla að tala við skrifstofur stefnda í Kaupmannahöfn síðar þann dag og ítreka beiðni sína um, að fé yrði sent án tafar. Hafi Just Betzer tjáð honum að þeim tíma liðnum, sem hann hefði tiltekið, að peningar mundu væntanlegir, en að hann vissi ekki nákvæmlega, hvenær það yrði. Þá skýrir Örnólfur svo frá, að þegar hann hafi hitt Þórarin daginn eftir að Laufási, hafði Þórarinn sagzt hafa stöðvað nokkra kröfuhafa, sem ætlað hefðu að láta reikninga sína í innheimtu hjá lögfræðingum, og fengið umboð til að fjalla um kröfur þessar. Hafi Þórarinn sagt þennan sama morgun, að hann hefði átt símtal við Guðlaug Rósinkranz, sem lofað hefði að tala við forstjóra stefnda, Bent Christensen. Segir Örnólfur, að síðar um daginn hafi Guðlaugur hringt til Þórarins og kveðið Christensen hafa lofað að senda nægilega fjárhæð til að greiða allar skuldir stefnda í Kelduhverfi eigi síðar en föstudaginn 26. ágúst. Kveðst Örnólfur einnig hafa talað við Guðlaug, sem hafi viðhaft við sig sömu ummæli. Hafi Guðlaugur beðið Þórarin að bíða með að senda reikninga þessa til innheimtu og Þórarinn fallizt á það. Hafi Þórarinn jafnframt tekið fram við Guðlaug, að umræddur föstudagur væri alger lokafrestur og að hann mundi biðja hann (Örnólf) fyrir kröfurnar, sem hefði umboð og fyrirmæli um að setja þær í innheimtu eftir þennan tiltekna tíma. Ekki segist

Örnólfur hins vegar hafa tekið við neinum fylgiskjöllum, þar sem honum hafði verið tjáð, að þau væru flest í höndum Inga R. Jóhannssonar endurskoðanda, en til hans hafi bændur verið beðnir að senda þá reikninga, sem ekki hefðu þegar verið í fórum Justs Betzers, er kvikmyndaflokkurinn fór suður. Segir Örnólfur, að þegar hér var komið sögu, hafi Þórarinn fengið honum í hendur nafnalista yfir kröfuhafa ásamt upphæðum og sundurliðun á þeim. Þennan lista hafi hann síðar lesið fyrir Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni. Hefur Örnólfur skýrt svo frá, að fyrir norðan hafi verið um það rætt, að Herði Ólafssyni yrði falið að innheimta kröfurnar, ef til innheimtuaðgerða með aðstoð lögfræðings kæmi, og hefði hann stungið upp á Herði. Örnólfur segir enn fremur, að hann hafi skýrt Just Betzer frá því, að hann hefði verið beðinn fyrir umræddar kröfur. Einnig hafi hann sagt honum frá samkomulaginu við Guðlaug Rósinkranz og fyrirmælunum um að afhenda kröfurnar til innheimtu á umræddum tíma. Kveðst Örnólfur hafa átt símtal við Guðlaug Rósinkranz skömmu eftir lokunartíma banka föstudaginn 26. ágúst og spurt hann, hvort peningarnir væru komnir. Hafi Guðlaugur sagt, að svo væri ekki og að hann gæti ekki sagt nákvæmlega til um, hvenær þeirra væri von, en að hann teldi, að það yrði mjög bráðlega. Hafi Guðlaugur beðið hann að reyna að fresta aðgerðum. Kveðst Örnólfur þá hafa átt símtal við Þórarin Haraldsson og skýrt honum frá málavöxtum. Hafi orðið að samkomulagi með þeim að fresta enn aðgerðum, en að hann (Örnólfur) hefði að sinni fullan ákvörðunarrétt um innheimtuaðferðir. Kveðst Örnólfur hafa haft um helgina samband við Just Betzer, sem ekki hafi getað sagt nákvæmlega, hvenær peninga væri von, en kveðist hafa átt símtal við aðalskrifstofuna í Kaupmannahöfn og enn reynt að herða á peningasendingum. Segist Örnólfur enn hafa átt tal við Guðlaug Rósinkranz síðla mánudags 29. ágúst, sem þá hafi sagt, að skeyti hefði komið frá stefnda þá um morguninn þess efnis, að peningar væru á leiðinni, en að þeir hefðu hins vegar ekki verið komnir til hans, er bankarnir lokuðu þennan dag. Hafi Guðlaugur ekki getað upplýst, hvort þeir væru komnir til banka. Hafi Guðlaugur enn beðið hann að reyna að fresta aðgerðum, og kveðst Örnólfur hafa sagt, að hann mundi gera það, svo framarlega sem Þórarinn Haraldsson samþykkti það. Hins vegar hafi honum borizt vitnaskja um, meðan hann beið eftir samtali við Þórarin, að Þórarinn hefði snúið sér beint til Harðar Ólafssonar. Hafi þetta komið

fram í símtali við Hörð Ólafsson. Hafi Þórarinn verið búinn að leggja fyrir Hörð að láta til skarar skríða um innheimtu krafna. Segist Örnólfur hafa látið Herði í té fyrrnefndan kröfu● lista. Örnólfur hefur að gefnu tilefni tilgreint ástæður fyrir ofangreindum afskiptum sínum. Kveðst hann í fyrsta lagi hafa miðað að því að afstýra málssókn, ef þess væri kostur, og að bændur fengju kröfur sínar greiddar, án þess að til hennar kæmi. Í öðru lagi hafi honum ekki þótt hann geta neitað bændum um aðstoð við að innheimta kröfur, sem rætur sínar hafi átt að rekja til þjónustu eða framlaga, sem hann hefði ýmist beðið um sjálfur eða á annan hátt haft afskipti af.

Þegar hæstaréttarlögmaður Hörður Ólafsson hafði fengið ofangreindar kröfur til innheimtu, hóf hann strax aðgerðir í því skyni. Hafa umboðsmenn aðilja rakið í munnlegum málflutningi, hvernig þeim aðgerðum var háttað, en um það er hins vegar með þeim ágreiningur í nokkrum veigamiklum atriðum.

Hinn 29. ágúst ritaði Hörður Ólafsson stefnda hraðbréf, sem hann lét senda Just Betzer, er um þær mundir bjó á Hótel Holti í Reykjavík. Er þar krafið um greiðslu á kröfum níu aðilja á hendur stefnda ásamt vöxtum og kostnaði, og er stefnandi meðal þeirra. Hörður Ólafsson kveðst síðan næsta dag, 30. ágúst, hafa gengið á fund Justs Betzers, sem þá hafi sagt, að hann hefði ekki fengið síðastgreint bréf. Varð úr, að efnt yrði til fundar á skrifstofu Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns daginn eftir, 31. ágúst.

Á síðastgreindum fundi voru þeir Hörður Ólafsson, Ólafur Þorgrímsson, Just Betzer og Ingi R. Jóhannsson, sem fyrr er nefndur. Segir Hörður Ólafsson, að Ingi R. Jóhannsson hafi haft undir höndum reikninga, samtals að fjárhæð kr. 223.859.00, frá ofangreindum 9 kröfuhöfum, en kröfur þeirra hafi hins vegar numið samtals kr. 435.178.45 án vaxta og kostnaðar. Hafi Just Betzer greitt eftir nokkurt þóf samtals kr. 142.405.55 upp í kröfur fimm þessara níu kröfuhafa. Hafi virzt, að greitt væri af handahófi og að greiðslur réðust fyrst og fremst af því, að til ráðstöfunar væru ca. 150 þúsund krónur. Kvittaði Hörður Ólafsson fyrir umræddri fjárhæð með fyrirvara, enda kveðst hann ekki hafa vitað, hverja reikninga verið væri að greiða né verið boðið að sjá reikningana. Er ekki um það deilt, að af þessari fjárhæð hafi kr. 90.214.50 gengið upp í kröfu stefnanda, og er einnig ágreiningslaust, að í umræddri fjárhæð hafi ekki verið falin nein innheimtulaun. Segir Hörður, að Just Betzer

hafi sagzt hafa fyrirmæli um að greiða ekki innheimtulaun. Enn fremur segir Hörður, að í veðri hafi verið látið vaka á þessum fundi af hálfu þeirra Justs Betzers, Ólafs Þorgrímssonar og Inga R. Jóhannssonar, að frekari greiðslur fengjust, ef reikningum væri framvísað. Kveðst Hörður hafa sagt, að hann kæmi, þegar hann væri búinn að fá skjöl að norðan, en hann hafi hins vegar ekki sagt, að það yrði þá um kvöldið, þ. e. 31. ágúst.

Ólafur Þorgrímsson segir, að á umræddum fundi 31. ágúst hafi Herði Ólafssyni verið tjáð, að hann gæti fengið greiðslu daginn eftir gegn framvísun reikninga, en í stað þess að koma, svo sem hann hefði lofað, hafi Hörður látið leggja löghald á eignir stefnda hinn 1. september. Kveðst Ólafur hafa mælt með því á fundinum hinn 31. ágúst, að greidd yrðu hálf innheimtulaun. Hafi Just Betzer hringt til Kaupmannahafnar þann sama dag gagnert í því skyni að bera það undir fyrirsvarsmenn stefnda þar, en þeir hafi ekki getað fallið á að greiða innheimtulaun.

Ingi R. Jóhannsson hefur í vottorði skýrt svo frá, að um leið og greiðslan fór fram á fundinum 31. ágúst, hafi Hörður tjáð þeim, að hann ætti von á skjölum viðvíkjandi kröfum umbjóðanda síns þá um kvöldið með pósti og að hann mundi þá reyna að hafa samband „við okkur“ til að fá frekari greiðslu.

Svo sem fram er komið, lét umboðsmaður stefnanda hinn 1. september leggja löghald á ýmsa muni í eigu stefnda til tryggingar greiðslu krafna þeirra níu aðilja, sem að framan greinir, þar á meðal stefnanda. Var löghald þetta framkvæmt í fógetarétti Reykjavíkur, sem haldinn var að Hótel Holti. Var enginn af fyrirsvarsmönnum stefnda viðstaddur. Löghald þetta var felld niður í fógetaréttinum þriðjudaginn 6. september, en þá lagði umboðsmaður fram yfirlýsingu Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn tækist á hendur ábyrgð á allt að 420 þúsund króna kröfum Harðar Ólafssonar á hendur stefnda vegna fyrrnefndra löghaldskrafna, og sætti Hörður Ólafsson sig við þessa banka-tryggingu.

Að sögn Harðar Ólafssonar kom Þórarinn Haraldsson, bóndi í Laufási, sem fyrr er um getið, til Reykjavíkur fimmtudaginn 1. september, en að ráði hafi orðið, að hann kæmi til Reykjavíkur með þau gögn, sem hann hefði í höndum. Hafi þeir Þórarinn kannað þessi gögn föstudaginn 2. og laugardaginn 3. september. Hafi nú bætzt við kröfur 17 manna auk þeirra níu aðilja, sem ræðir um hér að framan. Hörður Ólafsson kveðst hafa ritað

lögmanni stefnda, Ólafi Þorgrímssyni, tvö bréf, sem hann hafi afhent Ólafi Þorgrímssyni á skrifstofu hans að morgni laugardagsins 2. september. Í öðru bréfinu er m. a. yfirlit yfir kröfur áðurnefndra níu aðilja, þ. á m. stefnanda. Er tilgreint, að kröfu-fjárhæðin sé kr. 34.496.35, sem eru eftirstöðvar fyrrgreindrar kröfu stefnanda að við bættum málskostnaði. Segir Hörður, að hverri kröfu hafi fylgt yfirlitsreikningur. Hörður Ólafsson skýrir svo frá, að staddir hafi verið á skrifstofu Ólafs Þorgrímssonar, þegar hann afhenti framangreind gögn, þeir Ingi R. Jóhannsson, Just Betzer og Michaelsen, fjármálaframkvæmdastjóri stefnda, en í fylgd með sér hafi verið Þórarinn Haraldsson. Telur Hörður, að Ólafur hafi sennilega afhent þeim Betzer og Michaelsen um-rædd gögn til athugunar yfir helgina. Enn segist Hörður hafa hitt Ólaf Þorgrímsson að máli síðari hluta laugardaginn 3. septem-ber. Hafi Þórarinn einnig þá verið í fylgd með honum, enda hafi þeir ætlað að fá fregnir hjá Ólafi, þar sem Þórarinn hefði verið á förum norður. Ólafur Þorgrímsson hefur ekki kannast við að hafa fengið þau bréf í hendur, sem ræðir um hér að framan, fyrr en mánudaginn 5. september.

Í málflutningi aðilja hefur verið á því byggt, að eftirstöðvar af upphaflegri kröfu stefnanda nemi kr. 21.945.35. Að öðru leyti er í kröfu stefnanda falin innheimtulaun, sem hann telur sig eiga rétt á að fá greidd úr hendi stefnda af þeim hluta kröfunnar, er samkvæmt framansögðu fékkst greiddur hinn 31. ágúst. Telur stefnandi, að eigi hafi verið gripið til róttækari innheimtuað-gerða en efni stóðu til. Er því haldið fram af stefnanda, að stefndi, sem verið hafi kunnugt um skuldina, hafi átt að bjóða fram greiðslu. Þess í stað hafi sá flokkur manna, sem vann að kvik-myndatöku á vegum stefnda norðanlands, haldið þaðan á brott mjög skyndilega án þess að gera nokkrum héraðsmanna viðvart. Hafi því ótvírætt verið um vanskil að ræða. Telur stefnandi, að fyllilega hafi verið réttmætt að fá löghald lagt á eignir stefnda hérlandis, þar sem brottför af landinu hafi staðið fyrir dyrum og löghaldið því nauðsynlegt til að tryggja bæði aðfararandlag og varnarþing hér á landi. Andmæli sín gegn málskostnaðarkröfu stefnda Justs Betzers styður stefnandi fyrst og fremst þeim rökum, að Just Betzer hafi staðið fyrir stofnun mikilla vanskila-skulda á hendur hinu stefnda félagi og hafi leikið fullkominn vafi á, hvort hið stefnda félag mundi fást til að greiða þær. Hafi það heldur ekki viðurkennt aðild sína fyrr en í greinargerð. Hafi stefnanda því verið vorkunn, að hann til öryggis beindi kröfum

sínum fyrst í stað einnig gegn Just Betzer. Þá telur stefnandi, að Just Betzer hafi ekkert tjón beðið vegna málshöfðunar þessarar.

Stefndi Asa Film Production A/s rökstyður kröfur sínar með því, að innheimtuaðgerðir stefnanda hafi verið gersamlega að ófyrirsynju. Umrædd krafa hafi verið afhent til innheimtu, áður en stefnda gæfist tóm til að greiða hana. Þegar lögmaður stefnanda hafi komið á skrifstofu lögmanns stefnda hinn 31. ágúst til að fá uppgjör, hafi hann engin gögn haft í höndum. Hafi lögmaður stefnanda sagt, að hann fengi öll gögn send að norðan þá um kvöldið. Hafi lögmaðurinn lofað að koma til að fá uppgert, þegar hann væri búinn að fá reikningana í hendur. Þess í stað hafi hann hins vegar látið leggja lögghald á eignir stefnda hinn 1. september, svo sem áður er fram komið. Er lögð á það rík áherzla af hálfu stefnda, að stefndi hafi ætíð verið reiðubúinn að gera upp skuld sína við stefnanda, enda hafi stefnda hvorki brostið greiðslugetu né skort á um greiðsluvilja af hálfu stefnda. Hafi stefnandi hafið málssókn með framangreindu lögghaldi, þótt hann hefði ekki neitt í höndum, hvorki reikninga né önnur gögn. Hafi því ekki legið fyrir neinar löglegar kröfur á hendur stefnda. Er því og haldið fram, að stefnanda hafi verið í lófa lagið að stefna án lögghalds, þar sem starfsflokkur stefnda hafi verið hér á landi til 10.—12. september.

Stefndi Just Betzer styður kröfur sínar fyrst og fremst með því, að málssókn á hendur honum hafi verið gersamlega tilefnislaus. Hafi aldrei leikið á því neinn vafi, hver væri staða stefnda Justs Betzers. Hafi hann aðeins verið starfsmaður stefnda Asa Film Production A/s. Hafi jafnan legið ljóst fyrir, að síðastgreint fyrirtæki stæði að umræddri kvikmyndatöku og að það bæri eitt ábyrgð á skuldbindingum, sem Just Betzer og aðrir hefðu gengið undir í því sambandi fyrir þess hönd. Þá er tekið fram, að Just Betzer hafi ekki einu sinni verið vörzlumaður þeirra muna, sem kyrrsettir voru, heldur Gabriel, leikstjóri hjá hinu stefnda félagi.

Um það leyti, sem krafa stefnanda var fengin lögmanni til innheimtu, hafði erlent starfslið og fyrirsvarsmenn stefnda Asa Film Production A/s haldið brott af Norðurlandi, og var eigi annað vitað en að fyrir dyrum stæði brottför af landinu. Hafði því eigi verið gerð að því nein gangskör af hálfu hins stefnda félags að ná samningum um greiðslu þeirra skulda, sem stefnandi og ýmsir aðiljar aðrir töldu til á hendur stefnda, né sett nein viðhlítandi trygging fyrir greiðslu þeirra, svo sem telja

verður þó, að því hafi verið skylt. Að svo vöxnu máli var stefnanda rétt að leita aðstoðar lögmanns við innheimtu kröfu sinnar á hendur hinu stefnda félagi, sem samkvæmt framansögðu var í vanskilum. Með hliðsjón af þessum atvikum verður heldur ekki litið svo á, að lögmaður stefnanda hafi gripið til róttækari aðgerða um innheimtu en efni stóðu til, sbr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 18/1949. Þar sem óttast mátti, að fyrirsvarsmenn og starfslið hins stefnda félags héldu þá og þegar úr landi með muni félagsins, varð þess eigi krafizt af stefnanda, að af hans hálfu væri þegar í upphafi lagðir fram reikningar fyrir stefnukröfunni eða sundurliðun á henni, enda um vanskil að ræða af hálfu stefnda, svo sem að framan greinir. Er og ekki vefengt, að af hálfu stefnanda hafi verið gerð krafa um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar, sem síðan reyndist vera því sem næst rétt tilgreind. Þá þykir varhugavert að fullyrða, að lögmaður stefnanda hafi með yfirlýsingum eða með framkomu sinni á annan hátt veitt fyrirsvarsmönnum stefnda ástæðu til að ætla, að ekki yrði til þeirra innheimtuaðgerða gripið, sem samkvæmt framansögðu var beitt. Undanfærsla stefnda undan greiðslu kröfu stefnanda og kostnaðar af henni var því ekki á rökum reist og málssókn stefnanda þess vegna ekki að ófyrirsynju. Ber að dæma hið stefnda félag til að greiða stefnanda málskostnað, en ekki þykir rétt að dæma til greiðslu innheimtukostnaðar sérstaklega. Þykir málskostnaður eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00. Þá ber stefnanda vextir, svo sem krafizt hefur verið.

Málssókn á hendur stefnda Just Betzer hefur ekki verið nægilega réttlætt. Verður þess vegna að dæma honum málskostnað úr hendi stefnanda, sem ákveðst kr. 1.500.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Asa Film Production A/s greiði stefnanda, Gunnari Indriðasyni, kr. 21.945.35 með 7% ársvöxtum frá 4. september 1966 til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi, Gunnar Indriðason, greiði stefnda Just Betzer kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.